



HÉRAÐSDÓMUR  
REYKJAVÍKUR

**D Ó M U R**

15. nóvember 2019

**Mál nr.**      **E-4220/2018:**

Stefnandi:    A

*(Þórhallur Haukur Þorvaldsson lögmaður)*

Stefndi:      Íslenska ríkið

*(Guðrún Sesselja Arnardóttir lögmaður)*

Dómari :      Kjartan Bjarni Björgvinsson héraðsdómari

# D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 15. nóvember 2019 í máli nr. E-4220/2018:

A

(Þórhallur Haukur Þorvaldsson lögmaður)

gegn íslenska ríkinu

(Guðrún Sesselja Arnardóttir lögmaður)

## I. Kröfur

Mál þetta var þingfest 13. desember 2018 en dómtekið 18. október 2019. Stefnandi, [A], krefst þess aðallega að stefndi, íslenska ríkið, verði dæmdur til að greiða honum bætur að fjárhæð 64.100.000 kr., ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá 12. júní 2012 til 10. ágúst 2017, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, samkvæmt mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af dómkröfu stefnanda um bætur vegna vistunar á öryggisdeild í 541 dag, frá 13. júní 2012 til 5. desember 2013. Jafnframt er krafist sýknu af kröfu stefnanda um bætur vegna dráttar á rannsókn málsins, útgáfu ákæru og málsmeðferð fyrir dómi.

## II. Málavextir

Stefnandi var úrskurðaður í gæsluvarðhald 15. mars 2012 vegna gruns um stórfellda líkamsárás, þar af í einangrun til 30. mars 2012 en þann dag var einangruninni aflétt og hann vistaður í svo kallaðri lausagæslu.

Í gögnum málsins liggur fyrir skýrsla Rúnars Eiríkssonar, varðstjóra á Litla-Hrauni, dags. 12. apríl 2012, þar sem greint er frá því að annar fangi hafi óskað eftir viðtali við hann. Nafn fangans hefur verið máð út í því eintaki skýrslunnar sem liggur fyrir dóminum en í skýrslunni er haft eftir fanganum að hann óttist um líf sitt í fangelsinu og óski eftir að verða fluttur burt þaðan þar sem stefnandi hafi hótad honum líkamsmeiðingum ef hann borgaði ekki tilbúna skuld. Þá er haft eftir ónafngreindum fanga í skýrslunni að hann hafi orðið fyrir árás og að hann telji að sá sem sló hann hafi gert það fyrir stefnanda.

Í málinu liggur einnig fyrir tölvupóstur frá Páli Winkel, forstjóra Fangelsismálastofnunar, til Margrétar Frímannsdóttur, forstöðumanns Fangelsisins Litla-Hrauni og fangavarðar þar, dags. 18. apríl 2012. Af efnisheiti tölvupóstsins verður ráðið að hann fjalli meðal annars um stefnanda, en í tölvupóstinum segir:

„Við ræddum á okkar vikulega fundi málefni þessara tveggja ofbeldismanna sem komið hafa af stað auknu ofbeldi eftir að þeir komu úr einangrun. [B] og [C] vildu ræðu þetta á fundinum en þær fengu að sitja hluta af varðstjórafundi ykkar í gær þar sem þið óskuðuð eftir álitum [Fangelsismálastofnunar] um vistun þessara aðila.

Við teljum að við sendum slæm skilaboð með því að flytja þá tímabundið, annan eða báða, í önnur fangelsi. Ég geri mér grein fyrir að þeir bera ábyrgð á líkamsárásum sem gerðar hafa verið í fangelsinu. Það er því réttast að þeir verði vistaðir báðir á öryggisgangi fangelsisins ásamt [...]. Aðrir verði fluttir inn á gang. Við værum þá að senda þeim skýr skilaboð um að svona háttsemi verði ekki liðin. Auðvitað mun þetta kosta aukinn mannskap og vinnu en hjá því verður ekki komist. Það getur ekkert annað fangelsi ráðið við vistun þessara manna.“

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 27. apríl 2012 var stefnanda gert að afplána 600 daga eftirstöðvar fangelsisrefsingar vegna rofs á skilorði reynslulausnar sem Fangelsismálastofnun hafði veitt honum þann 27. ágúst 2011. Sá úrskurður var staðfestur með dómi Hæstaréttar 3. maí 2012.

Þann 17. maí 2012 lést [X] í klefa sínum á Litla-Hrauni, stuttu eftir að stefnandi og samfangi hans höfðu verið einir með honum í klefanum í um 11 mínútur. Lögregla var kölluð til og hóf rannsókn dauðsfallsins.

Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum réttarkrufningar 22. maí 2012 mun [X] hafa blætt út innvortis á mjög skömmum tíma vegna rofs á milta og aðliggjandi æð við miltað og var talið að það hefði gerst eftir utanaðkomandi högg. Þar sem eftirlitsmyndavélar af fangaganginum sýndu að stefnandi og einn annar fangi höfðu farið inn í klefa [X] og verið þar dágóða stund skömmu áður en hann fannst þar meðvitundarlaus féll grunur á stefnanda og hinn fangann um aðild að láti [X]. Var stefnandi yfirheyrður vegna málsins þann 23. maí 2012, þar sem hann neitaði sök en vildi að öðru leyti ekki tjá sig um málavexti.

Með úrskurði Héraðsdóms Suðurlands frá 24. maí 2012 var stefnandi úrskurðaður í þriggja vikna gæsluvarðhald vegna rannsóknarhagsmuna og jafnframt gert að sæta einangrun. Gæsluvarðhaldið rann út 13. júní 2012. Ekki var talin þörf á að óska eftir

framlengingu gæsluvarðhaldsins, þar sem brýnir rannsóknarhagsmunir væru ekki lengur í húfi.

Degi áður en gæsluvarðhaldið rann út, 12. júní 2012, tók forstöðumaður Fangelsisins Litla-Hrauni þá ákvörðun að vista stefnanda og samfanga hans, sem einnig hafði sætt gæsluvarðhaldi vegna málsins, á öryggisdeild fangelsisins, sem þá hafði verið rýmd af öðrum föngum. Var ákvörðunin tekin á grundvelli þágildandi ákvæðis 3. mgr. 14. gr. laga nr. 49/2005, um fullnustu refsinga, sbr. 2. gr. reglna um vistun fanga á öryggisdeild Fangelsisins Litla-Hrauni og tilkynnt stefnanda samdægurs, en í ákvörðuninni sagði meðal annars:

„Samkvæmt 3. mgr. 14. gr. laga nr. 49/2005, um fullnustu refsinga, getur forstöðumaður fangelsis í öryggisskyni eða vegna sérstakra aðstæðna tekið ákvörðun um að flytja fanga á milli deilda og klefa. Á öryggisdeild er unnt að vista fanga sem gerst hafa sekir um alvarleg eða ítrekuð agabrot, eru taldir stefna öryggi fangelsisins í hættu eða geta ekki vistast með öðrum föngum vegna hegðunar sinnar, samkvæmt 2. gr. reglna um vistun fanga á öryggisdeild Fangelsisins Litla Hrauni.

Með vísan til þess sem að framan greinir er það mat forstöðumanns fangelsisins Litla Hrauni að þú sért hættulegur öðrum og því ekki forsvaranlegt að vista þig meðal annarra fanga á almennri deild. Hefur forstöðumaður fangelsisins tekið þá ákvörðun að flytja þig af einangrunardeild fangelsisins Litla Hrauni yfir á öryggisdeild fangelsisins frá 13. júní 2012, kl. 16:00 til 11. september 2012 og sæta þeim sérstöku reglum sem þar gilda. Með vísan til 2. m. 14. gr. laga um fullnustu refsinga verður þér ekki gefinn kostur á að tjá þig vegna ákvörðunar þessarar.“

Vistun stefnanda á öryggisdeild var ákveðin til þriggja mánaða í senn og framlengd fimm sinnum með vísan til sömu ástæðna og greinir í ofangreindu bréfi. Var stefnandi vistaður á öryggisdeildinni til 5. desember 2013.

Á meðan stefnandi var vistaður á öryggisganginum kærði hann tvívegis ákvörðun forstöðumanns fangelsisins um vistunina til innanríkisráðuneytisins, sem staðfesti í bæði skiptin að skilyrði væru fyrir vistuninni. Í úrskurði ráðuneytisins frá 11. febrúar 2013 segir meðal annars svo um ástæður þess að vista stefnanda á öryggisdeild fangelsisins:

„Fyrir liggur í máli þessu að lögregla hefur nú til rannsóknar dauðsfall fanga á Litla-Hrauni þann 17. maí 2012. Hefur [stefnandi] stöðu sakbornings í skilningi 1. mgr. 27. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 í því máli, sem felur í sér að hann er grunaður um að hafa orðið valdur að dauða umrædds fanga. Þá þegar af þeirri ástæðu hafa fangelsisýfirvöld að mati ráðuneytisins réttmæta ástæðu til að telja að [stefnandi] stefni öryggi fangelsisins í hættu og

geti verið öðrum föngum hættulegur og að hann geti ekki, í ljósi þess, vistast með öðrum föngum. Hefur ráðuneytið þar ekki síst í huga alvarleika þess máls sem rannsókn lögreglu beinist að. Þá hefur jafnframt komið fram af hálfu fangelsisýfirvalda, m.a. í skýrslu varðstjóra í fangelsinu, dags. 20. júlí 2012, að aðrir fangar hafi frá komu [stefnanda] í fangelsið ítrekað kvartað undan yfirgangi hans og ógnandi tilburðum í þeirra garð, sem og að grunur leiki á að um að hann hafi ráðist á eða átt aðild að líkamsárás á samfanga í apríl 2012. Hafa komið fram frekari gögn sem styðja framangreindar fullyrðingar fangelsisýfirvalda sem ráðuneytið, með vísan til 3. mgr. 76. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005, afhenti [stefnanda] ekki við rekstur þess kærómáls er hér um ræðir.“

Ríkissaksóknari gaf út ákæru í málinu á hendur stefnanda og samfanga hans þann 30. maí 2013. Var ákært fyrir stórfellda líkamsárás sem leitt hefði til dauða [X] og brotið talið varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með bréfum, dags. 23. apríl og 2. maí 2013, óskaði stefnandi eftir dagsleyfum úr refsivist sinni. Þeim beiðnum var hafnað af hálfu Fangelsismálastofnunar með bréfi, dags. 8. maí 2013, með vísan til þess að hann ætti mál til meðferðar í refsivörslukerfinu þar sem hann hefði stöðu sakbornings og væri þar að auki vistaður á öryggisgangi fangelsisins þar sem hann væri talinn ógna öryggi í fangelsinu.

Með bréfi, dags. 22. mars 2016, óskaði stefnandi eftir því við Fangelsismálastofnun að hann fengi að afplána hluta refsivistar hjá Félagasamtökunum Vernd. Fangelsismálastofnun hafnaði umsókn stefnanda með bréfi, dags. 4. apríl 2016, með vísan til c-liðar 4. gr. reglna sem giltu um afplánun á Vernd, en samkvæmt því væri ekki hægt að verða við erindi stefnanda þar sem hann ætti ólokið máli í refsivörslukerfinu. Þá þætti ekki tilefni til að veita undanþágu frá þeirri reglu.

Með dómi Héraðsdóms Suðurlands 23. mars 2016 voru stefnandi og meðákærði sýknaðir af öllum kröfum ákæruvaldsins. Þeim dómi var áfrýjað til Hæstaréttar 30. mars 2016. Í framhaldi af dómi héraðsdóms var stefnandi færður í afplánun í opnu fangelsi á Kvíabryggju 15. apríl 2016.

Stefnandi kærði ákvörðun Fangelsismálastofnunar um að synja honum um að afplána hluta dóms síns á Vernd til innanríkisráðuneytisins og það staðfesti ákvörðun Fangelsismálastofnunar með úrskurði, dags. 2. júní 2016. Vísaði ráðuneytið þar til þess að þótt héraðsdómur hefði kveðið upp sýknudóm í máli ákærða hefði ákærvaldið áfrýjað dóminum og því væri mál stefnanda enn til meðferðar í

refsivörslukerfinu. Vísaði ráðuneytið enn fremur til þess að þar sem sakargiftir á hendur stefnanda væru alvarlegar væri fallist á það með Fangelsismálastofnun að ekki væri sérstök ástæða til að veita stefnanda undanþágu frá reglu c-liðar 4. gr. reglna um afplánun á Vernd.

Á meðan á áfrýjun málsins stóð var hafnað ýmsum beiðnum stefnanda um tilhögun afplánunar, svo sem að fá reynslulausn eftir helming eða tvo þriðju hluta refsitímans, sbr. ákvörðun Fangelsismálastofnunar frá 1. júní 2016, og að afplána hluta refsitímans hjá Vernd. Byggðust synjanirnar á því að stefnandi ætti mál sem ekki væri lokið í refsivörslukerfinu, auk þess sem taldar voru góðar líkur á því að málið færi á dagskrá Hæstaréttar haustið 2016.

Með bréfi Fangelsismálastofnunar, dags. 26. október 2016, þegar ljóst varð að mál stefnanda yrði ekki tekið á dagskrá Hæstaréttar haustið 2016, var stefnanda tilkynnt að ákveðið hefði verið falla frá fyrri ákvörðun um synjun á Vernd og heimila stefnanda vistun þar, að því gefnu að hann uppfyllti önnur skilyrði um vistunina, þrátt fyrir að stefnandi væri ennþá með mál til meðferðar í refsivörslukerfinu. Lýsti Fangelsismálastofnun þeirri afstöðu í bréfinu að þar sem mál stefnanda í refsivörslukerfinu hefði tekið langan tíma væru sérstakar ástæður fyrir hendi til að heimila honum afplánun á Vernd.

Stefnandi hóf afplánun á Vernd þann 31. október 2016 og var fyrirhugað að hann lyki afplánun þar 16. september 2017 og hæfi um leið afplánun með rafrænu eftirliti að uppfylltum öllum skilyrðum þar að lútandi.

Dómur Hæstaréttar í málinu nr. 284/2016 var kveðinn upp 9. mars 2017. Með dóminum var dómur héraðsdóms um sýknu stefnanda og meðákærða staðfestur. Daginn eftir, þann 10. mars 2017, hóf stefnandi afplánun með rafrænu eftirliti, sem lauk 13. desember 2017, þegar stefnandi fékk reynslulausn.

Með bréfi stefnanda til ríkislögmanns, dags. 10. júlí 2017, krafðist stefnandi skaðabóta úr hendi íslenska ríkisins, samtals að fjárhæð 94.340.000 kr. Var krafist bóta vegna gæsluvarðhalds í 21 dag að fjárhæð 1.470.000 kr. Þá var krafist bóta vegna vistunar stefnanda í 541 dag á öryggisdeild, bóta vegna hlerunarbúnaðar og hlustunar á síma á öryggisdeildinni, vegna líkamsleitar og óhæfilegs dráttar á rannsókn og meðferð málsins.

Samkomulag náðist milli stefnanda og stefnda 7. september 2018 um greiðslu miskabóta vegna gæsluvarðhalds í 21 dag, að fjárhæð 1.680.000 kr., auk innheimtuþóknunar, samtals að fjárhæð 1.990.000 kr.

Með samkomulagi aðila 16. október 2019 var enn fremur fallist á greiðslu miskabóta að fjárhæð 800.000 kr. vegna símhlustunar og hlerunarbúnaðar í klefa stefnanda og í almenningi á öryggisdeild, með vísan til 246. gr. laga nr. 88/2008. Samkvæmt því hefur stefndi þegar fallist á að greiða stefnanda samanlagt 2.480.000 kr. í bætur vegna miska fyrir beitingu þvingunarúrræða í þágu sakamálarannsóknar á grundvelli laga nr. 88/2008.

### **III. Málsástæður aðila**

#### *Málsástæður stefnanda*

Stefnandi vísar til þess að hann hafi endanlega verið sýknaður með dómi Hæstaréttar í máli nr. 284/2016. Hann hafi, að ósekju og án þess að lagaskilyrði væru fyrir hendi, þurft að sæta vistun á öryggisdeild Fangelsisins Litla-Hrauni í alls 541 dag vegna málsins, þ.e. frá 12. júní 2012 til 5. desember 2013, í framhaldi af óréttmætri gæsluvarðhaldsvist frá 24. maí 2012.

Stefnandi telur sig einnig hafa þurft að þola ýmsar þvingunaraðgerðir auk þess sem hann hafi að ósekju þurft að sæta ákæru vegna málsins og dómsmeðferð á báðum dómstigum, þar sem stefnandi var sýknaður. Álítur stefnandi að íslenska ríkið hafi með þessu bakað sér skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda á grundvelli 246. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 (sml), sbr. 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 5. gr. laga nr. 97/1995.

Málatilbúnaður stefnanda byggist á því að í raun hafi aldrei legið fyrir rökstuddur grunur um refsiverðan verknað hans. Stefnandi hafi frá upphafi neitað allri sök eða aðild að málinu og hafi framburður hans alla tíð verið stöðugur og þar gætt fulls samræmis, en fjölmargar skýrslur voru teknar af stefnanda á meðan á rannsókn málsins stóð, auk þess sem hann gaf skýrslu fyrir dómi. Gögn máls og framburður vitna og meðákærða frá upphafi beri með sér að stefnandi hafi ekki átt nokkurn þátt í dauða [X] heitins. Rannsókn málsins hafi dregist verulega á langinn, m.a. vegna hinna umfangsmiklu rannsóknaraðgerða lögreglu sem augljóslega hafi haft það að markmiði að varpa sök á stefnanda.

Stefnandi telur sig því hafa setið saklausan á öryggisgangi fangelsisins í 541 dag. Ákvörðun um það, sem upphaflega var tekin 12. júní 2012, virðist öðrum þræði studd þeim rökum að stefnandi væri grunaður um aðild að líkamsárás á tvo samfanga 17. maí 2012. Slíkt fái hins vegar enga stoð í gögnum málsins, enda hafi hvorki verið tekin skýrsla af stefnanda vegna þess né verði séð að nokkur rannsókn hafi verið framkvæmd. Auk þess liggi fyrir staðfesting þess efnis að stefnandi hafi ekki verið beittur agaviðurlögum í Fangelsinu Litla-Hrauni. Skilyrði til vistunar stefnanda á öryggisgangi hafi því síður en svo verið fyrir hendi.

Stefnandi kveður raunverulega ástæðu vistunar sinnar á öryggisdeild því eingöngu hafa byggst á grunsemdum um að hann hefði orðið valdur að dauða samfanga síns og að hann ógnaði öryggi samfanga af þeim sökum. Ástæða vistunar á öryggisgangi hafi þannig eingöngu verið sprottin af rannsókn og meðferð fyrir dómi í máli sem stefnandi hafi engan þátt átt í. Vegna þess hverjir hagir stefnanda voru, þ.e.a.s. að hann afplánaði dóm, var hins vegar gripið til þess ráðs að fara ekki fram á lengra gæsluvarðhald yfir honum, heldur vista hann á öryggisgangi, sem eins og til háttar verði jafnað við gæsluvarðhaldsvist. Vistun á öryggisgangi hafi þannig falið í sér framlengingu gæsluvarðhaldsvistar, án þess að lagaskilyrði eða dómsúrskurður væru fyrir hendi.

Auk þess telur stefnandi að vel hefði verið unnt að tryggja rannsóknarhagsmuni með vægara úrræði en vistun á öryggisgangi. Þá áréttar stefnandi að fráleitt sé að vistun hans á öryggisgangi og þvingunaraðgerðirnar sem að honum beindust hafi verið lögmætar, nauðsynlegar eða réttmætar í því skyni að tryggja öryggi annarra samfanga o.s.frv.

Vistun á öryggisgangi hafi reynst stefnanda mjög íþyngjandi, enda hafi réttindi hans samkvæmt reglum öryggisdeildar, sem settar voru af þessu tilefni, verið takmörkuð verulega, svo sem réttur til útivistar, líkamsræktar, heimsókna og eðlilegra samskipta við samfanga o.fl. Þá hafi stefnandi, á meðan á þessu stóð, þurft að þola líkamsleit. Með vísan til þessa sé um sambærilega ráðstöfun og gæsluvarðhald að ræða, en bótaréttur skv. 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 taki m.a. til slíkra ráðstafana, sbr. XIV. kafla laganna og þá kafla sem hér var vísað til og gilda um kröfu stefnanda.

Verði ekki fallist á að um gæsluvarðhald eða sambærilegt úrræði í skilningi sakamála sé að ræða byggir stefnandi allt að einu á því að bótarétt leiði af því að viðeigandi ákvæðum sakamála verði beitt með lögjöfnun eins og til háttar.

Stefnandi kveður áhrif þessara aðgerða á hann hafa verið þau þau sömu og leiddu af gæsluvarðhaldi, en hann hafi mátt sæta fyrrgreindum þvingunaraðgerðum í alls 541 dag, þ.e.a.s. frá því tímamarki er formlegri gæsluvarðhaldsvist lauk, en ákvörðun um vistun á öryggisgangi var tekin 12. júní 2012 og framlengd margoft eða allt til 5. desember 2013. Í ljósi þessa hafi vistin haft enn meiri áhrif á stefnanda en almennt hlýst af gæsluvarðhaldsvist, sem alla jafna vari í skemmri tíma. Í þessu sambandi er vakin athygli á því að vistin er svo íþyngjandi að gert er ráð fyrir að hún sé endurskoðuð reglulega, en ítrekuð framlenging var rökstudd þannig að stefnandi væri grunaður um að hafa banað samfanga sínum.

Stefnandi telur að Fangelsismálastofnun hafi ekki haft heimildir til þess að setja honum jafn víðtækar og íþyngjandi reglur og raun bar vitni, en ekki verði séð að þær hafi verið birtar í samræmi við áskilnað laga eða fái að öðru leyti viðhlítandi lagastoð. Í reglunum komi m.a. fram í 2. gr. að um sé að ræða úrræði sem beitt sé gegn föngum sem gerst hafa sekir um alvarleg og ítrekuð agabrot, eru taldir stefna öryggi fangelsisins í hættu eða geta ekki vistast með öðrum föngum vegna hegðunar sinnar. Ekkert af þessum atriðum hafi átt við um stefnanda, auk þess sem hann hafi verið vistaður þarna sérstaklega vegna rannsóknar og reksturs fyrrgreinds sakamáls, þ.e. til að koma í veg fyrir að hann hefði áhrif á vitni í málinu o.s.frv.

Úrræðinu hafi jafnframt verið beint sérstaklega gegn stefnanda að ósekju, sbr. m.a. ummæli forstjóra Fangelsismálastofnunar í fjölmiðlum. Vísast í þessu sambandi einnig til álits umboðsmanns Alþingis í máli nr. 7590/2013, en þar vísar umboðsmaður sérstaklega til þess að vistun á öryggisdeild geti verið fanga afar þungbær, enda samneyti fanga við aðra mjög skert.

Kröfugerð stefnanda er á því reist að hann hafi þurft að sæta íþyngjandi og niðurlægjandi aðgerðum á löngu tímabili vegna rannsóknar málsins. Þannig hafi stefnandi þurft að sæta ítrekaðri og niðurlægjandi líkamsleit og þola fleiri aðgerðir vegna rannsóknar málsins og þeirra ströngu reglna sem giltu á öryggisgangi fangelsisins, þar sem stefnandi var að ósekju vistaður, en vistinni megi líkja við einangrunarvist. Stefnandi telur að með þessu hafi verið brotið gróflega gegn friðhelgi

einkalífs stefnanda sem varin er af 71. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, sbr. 8. gr. laga um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994. Með vísan til þess sem rakið hefur verið gildi hið sama um félagafrelsi stefnanda sem skert var, sbr. 74. gr. stjórnarskrárinnar, enda hafi hann ekki fengið að taka þátt í félagsstarfi við þær aðstæður sem honum voru búnar.

Þá vísast til þess að stefnandi hafi í tæp fimm ár ranglega legið undir grun um að hafa orðið valdur að dauða samfanga síns. Rannsókn málsins gagnvart stefnanda hófst 23. maí 2012 og má segja að henni hafi ekki lokið fyrr en tæpum fimm árum síðar, með dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 284/2016, sem kveðinn var upp 9. mars 2017. Slíkur dráttur á rannsókn og meðferð máls fyrir dómstólum sé fáheyrður og hafi, eðli máls samkvæmt, bæði haft áhrif á andlega og líkamlega heilsu stefnanda, auk þess sem það hafi haft áhrif á réttindi stefnanda að öðru leyti og möguleika hans á afplánun utan fangelsis vegna eldra brots. Vist stefnanda hafi því í senn verið þungbærari og verr til þess fallin að stuðla að betrun stefnanda og aðlögun hans að samfélaginu en ella.

Stefnandi kveði langvarandi íþyngjandi og niðurlægjandi aðgerðir gagnvart honum vegna málsins hafa leitt af sér andlegar þjáningar og miska fyrir hann, auk þess sem hann hafi þurft að þola óvægna fjölmiðlaumfjöllun og fordæmingu samfélagsins vegna málsins, en sú umfjöllun hafi m.a. fengið byr undir báða vængi fyrir tilstuðlan forsvarsmanna Fangelsismálastofnunar og með reglulegum tíðindum frá lögreglu, auk óvæginnar yfirlýsinga ákærvaldsins í greinargerð til Hæstaréttar í umræddu máli, þar sem m.a. var vísað til stefnanda sem þekktis misindismanns.

Þá hafi dráttur á rannsókn og málsmeðferð málsins leitt til þess, að meðferð umsóknar stefnanda um reynslulausn og önnur sambærileg úrræði drógust og voru ekki tekin til jákvæðrar úrlausnar fyrr en með bréfi dags. 26. október 2016, þar sem stefnandi hafi af þeim ástæðum sem áður hafa verið raktar talist vera með ólokin mál til meðferðar hjá lögreglu, ákærvaldi og dómstólum, sbr. 3. mgr. 63. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005.

Stefnandi telji engin skilyrði vera til þess að lækka bætur til hans eða fella þær niður á grundvelli síðari málsliðar 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008, enda hafi hann á engan hátt valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisi kröfur sínar á. Þvert á

móti liggja fyrir að framburður hans hafi verið stöðugur allt frá upphafi og í samræmi við gögn málsins og framburð annarra.

Stefnandi sundurliðar dómkröfur sínar um miskabætur á þann veg að krefjast 100.000 kr. fyrir hvern dag sem hann var vistaður á öryggisgangi fangelsisins, alls í 541 dag, eða samtals kr. 54.100.000. Fjárhæðin sé lítið eitt hærri en miðað hafi verið við vegna gæsluvarðhalds, en sem fyrr segi sé um sambærilegt úrræði að ræða. Þegar virtur sé sá langi tími sem stefnandi mátti þola vistunina telji stefnandi fjárhæðina sanngjarna.

Þá telur stefnandi sig eiga skýlausan rétt til miskabóta úr hendi íslenska ríkisins vegna annarra íþyngjandi aðgerða sem hann hafi þurft að sæta við rannsókn málsins, á meðan á dvöl hans á öryggisdeild stóð, sem og bóta vegna óhóflegs dráttar á rannsókn málsins og málsmeðferð allri, sbr. að framan.

Dómkrafa stefnanda að þessu leyti nemi 10.000.000 kr. Vísar stefnandi þá til þess sem þegar er rakið og þess óhóflega og óforsvaranlega tíma sem málsmeðferðin hafi tekið, þ. á m. með óþarfri áfrýjun málsins, og hinna alvarlegu sakargifta sem aldrei reyndust á rökum reistar. Þá hafi stefnandi þurft að sæta óréttmætum drætti refsivörsluúrræða, svo sem reynslulausnar, sem hann hefði annars átt fullan rétt á í samræmi við ákvæði laga um fullnustu refsinga.

Með vísan til alls þess sem að framan er rakið, hvers um sig og saman, verði að telja að dæma beri íslenska ríkið til greiðslu miskabóta í samræmi við dómkröfur stefnanda og þær röksemdir sem raktar hafa verið í stefnu þessari. Um bótagrundvöll vísar stefnandi, sem fyrr segir, til laga nr. 88/2008, einkum 246. greinar, en ákvæði laganna gildi um kröfur stefnanda, en verði að öðrum kosti beitt með lögjöfnun. Stefnandi áréttar einnig að í þeim úrræðum sem hann hafi verið beittur og lýst hefur verið hafi falist saknæm og ólögmæt háttsemi þeirra sem í hlut áttu og valdið hafi framangreindu tjóni sem íslenska ríkið beri einnig ábyrgð á samkvæmt vinnuveitendaábyrgð, sbr. almennar reglur skaðabótaréttarins og 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 sem einnig vísast til.

Krafa stefnanda um vexti samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 er gerð frá 12. júní 2012, en þá var tekin ákvörðun um að stefnandi sætti áframhaldandi vistun á öryggisgangi í kjölfar þess að formlegu

gæsluvarðhaldi þar lauk. Þá er krafist dráttarvaxta frá þeim degi er mánuður var liðinn frá dagsetningu kröfubréfs, eða frá 10. ágúst 2017 í samræmi við 5. gr. laganna.

Um lagarök vísast til IX.–XIV. og XXXIX. kafla laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, reglna skaðabótaréttarins, þ.m.t. reglunnar um vinnuveitendaábyrgð, 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, 67. gr., 70. gr. og 71. og 74. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og 5. gr., 6. gr. og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, auk laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005. Um vexti og dráttarvexti vísast til III. og IV. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, einkum 6. gr. og 8. gr. laganna. Krafa um málskostnað styðst við XXI. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, einkum 129. gr. og 130. gr. þeirra.

### *Málsástæður stefnda*

#### Vistun stefnanda á öryggisdeild:

Stefndi vísar til þess að vistun stefnanda á öryggisdeild hafi verið stjórnsluúrræði sem fangelsisýfirvöld beittu á grundvelli laga um fullnustu refsinga. Því sé ranglega haldið fram í stefnu að stjórnsluúrræðin hafi eitthvað tengst rannsókn sakamálsins. Er því sérstaklega mótmælt að vistun á öryggisgangi hafi falið í sér „framlengingu gæsluvarðhaldsvistar, án þess að lagaskilyrði eða dómsúrskurður væri fyrir hendi“.

Stefndi bendir á að fangelsisýfirvöld hafi engar heimildir haft til að vista stefnanda á öryggisdeild til að tryggja rannsóknarhagsmuni sakamáls, auk þess sem þau hafi ekkert forræði haft yfir því máli. Að sama skapi hafi engin þau þvingunarúrræði sem beitt var í tengslum við rannsóknina verið tengd vist stefnanda á öryggisdeild. Í því samhengi er áréttað að stefnanda hafa þegar verið greiddar bætur vegna gæsluvarðhaldsvistarinnar og vegna símhlustunar og hlerunarbúnaðar í klefa og almenningi á öryggisdeild, sem fram fór á grundvelli dómsúrskurða og var í tengslum við rannsókn sakamálsins.

Stefndi fær ekki séð með hvaða hætti ákvæði laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, eigi við um vistun stefnanda á öryggisdeild Litla-Hrauns. Þarna sé blandað saman tveimur aðskildum málum og aðskildum stjórnvöldum í einni og sömu kröfugerð og krafist bóta á afar óljósum og misvísandi grundvelli. Telur stefndi að slík framsetning á kröfugerð samræmist varla kröfu 80. gr. laga nr. 91/1991 um að efni stefnu skuli vera það skýrt að unnt sé að átta sig á sakarefninu.

Málatilbúnaður stefnda byggist á því að stefnandi hafi verið vistaður á öryggisdeild Litla-Hrauns vegna þess að hann hafði verið með ógnandi hegðun í afplánun og verið grunaður um að hafa beitt samfanga sína ofbeldi, þ. á m. svo alvarlegu ofbeldi að bani hlaust af. Föngum hafi stafað mikil ógn af stefnanda og hafi ástandið í fangelsinu verið þannig að nánast enginn fangi treysti sér til að vera nálægt honum og hinum fanganum, sem einnig var vistaður á öryggisdeildinni.

Stefndi vísar til þess að áður en andlát [X] bar að þann 17. maí 2012 og grunur beindist að stefnanda um að hafa átt þátt í andláti hans, þá var til skoðunar hjá fangelsisvörðum hvort vista ætti stefnanda á öryggisdeild vegna fyrri hegðunar hans og ástandsins á Litla-Hrauni. Þetta megi meðal annars sjá af tölvupósti sem forstjóri Fangelsismálastofnunar sendi forstöðumanni Litla-Hrauns þann 18. apríl 2012.

Þegar grunur beindist svo að stefnanda um að hafa orðið samfanga sínum að bana og hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna þess, þá hafi fangelsisvörð ekki getað annað en brugðist við því og því ákveðið að vista hann á öryggisdeild í kjölfar gæsluvarðhaldsins. Eins og að framan getur var ástandið á Litla-Hrauni afar slæmt á þessum tíma og nánast allir fangar óttuðust stefnanda og samfanga hans vegna ógnandi hegðunar þeirra og gruns um líkamsárásir. Má segja að þeir hafi á þessum tíma haldið fangelsinu í heljargreipum Við því hafi þurft að bregðast.

Stefndi vísar til þess að vistun á öryggisdeild Litla-Hrauns sé eitt af þeim úrræðum sem fangelsisvörð hafi yfir að ráða þegar nauðsynlegt þykir í öryggisskyni að aðskilja fanga frá öðrum vegna hegðunar þeirra. Ákvörðun um vistun á öryggisdeild sæki ekki heimild í reglur um vistun fanga á öryggisdeild, heldur sé hún byggð á lögum um fullnustu refsinga. Á þeim tíma sem hér um ræðir hafi það verið 3. mgr. 14. gr. laga nr. 49/2005 (nú 5. mgr. 21. gr. laga nr. 15/2016) þar sem segir að forstöðumaður fangelsis geti í öryggisskyni eða vegna sérstakra aðstæðna ákveðið að flytja fanga á milli deilda og klefa. Það hafi verið á grundvelli þessa ákvæðis sem ákveðið var að vista stefnanda á öryggisdeildinni og það hafi verið gert í öryggisskyni vegna þessara sérstöku aðstæðna.

Að því er snertir fullyrðingar í stefnu um að reglur um vistun fanga á öryggisdeild hafi sérstaklega verið settar í tilefni af máli stefnanda og að réttindi hans hafi verið takmörkuð verulega, svo sem réttur til útivistar, líkamsræktar, heimsóknar og eðlilegra samskipta við samfanga o.fl., þá er þeim alfarið hafnað. Reglur um vistun á öryggisdeild Litla-Hrauns voru fyrst settar árið 1995 en hafa tekið nokkrum

breytingum síðan þá, fyrst þann 8. nóvember 2007, því næst 6. júní 2012, og loks tóku núgildandi reglur gildi 1. júní 2016. Reglurnar sem tóku gildi 6. júní 2012, og giltu á meðan atvik máls þessa gerðust, voru settar með heimild í þágildandi 3. mgr. 80. gr. laga nr. 49/2005, sem er samhljóða núgildandi ákvæði í 3. mgr. 98. gr. laga nr. 15/2016. Í 2. gr. reglnanna segir að á öryggisdeild megi vista fanga sem gerst hafi sekir um alvarleg eða ítrekuð agabrot, séu taldir stefna öryggi fangelsisins í hættu eða geti ekki vistast með öðrum föngum vegna hegðunar sinnar. Þetta ákvæði er algerlega samhljóða 2. gr. reglnanna frá 8. nóvember 2007 og það sé því ekki rétt að reglurnar eða þetta ákvæði hafi verið sett sérstaklega í tilefni af máli stefnanda.

Stefndi áréttar að vistunin á öryggisdeildinni sé grundvölluð á lögum um fullnustu refsinga, sbr. þágildandi 3. mgr. 14. gr. laga nr. 49/2005, en ekki á reglum um vistun á öryggisdeild. Reglurnar kveði á um nánari útfærslu á þessari vistun, þ.e. málsmeðferð við ákvarðanatöku um vistun fanga á deildinni og um réttindi fanga sem vistaðir eru þar samkvæmt lögnum, svo sem varðandi heimsóknir, útivist, nám og vinnu og nánari tilhögun þeirra, en vistunin sé ekki byggð á heimild í reglunum, heldur lögnum sjálfum.

Stefndi hafnar því að Fangelsismálastofnun hafi ekki haft heimild til að setja reglur um vistun fanga á öryggisdeild, eins og haldið sé fram í stefnu. Reglurnar sem giltu á þeim tíma sem hér um ræðir sóttu, eins og að framan greinir, heimild sína í þágildandi 3. mgr. 80. gr. laga nr. 49/2005, sbr. nú 3. mgr. 98. gr. laga nr. 15/2016. Reglurnar, sem tóku gildi 6. júní 2012, voru ekki birtar í B-deild Stjórnartíðinda, en í því sambandi er rétt að geta þess að fram til ársins 2012 hafði beiðnum Fangelsismálastofnunar um að fá að birta þessar og aðrar almennar reglur sem settar voru með heimild í 3. mgr. 80. gr. verið synjað af hálfu Stjórnartíðinda. Í máli umboðsmanns Alþingis (UA) nr. 7590/2013 gerði umboðsmaður athugasemd við að reglurnar hefðu ekki verið birtar í B-deild Stjórnartíðinda, en rétt er að taka fram að í því máli kvartaði hinn fanginn sem vistaður var á öryggisdeild yfir því að hafa ekki fengið að hitta talsmenn fanga og að taka þátt í störfum í stjórn Afstöðu – félags fanga, á meðan hann var vistaður á öryggisdeildinni. Álitid varðar því ekki kvörtun frá stefnanda sjálfum, en í álitinu kemur fram að umboðsmaður geri ekki athugasemdir við að vistun á deild, þar sem fangi sé aðskilinn frá öðrum föngum til að vernda þá fyrir t.d. líkamsárásum og hótunum, geti haft í för með sér takmarkanir á því að fanginn geti setið stjórnarfundum með öðrum föngum eða hitt talsmenn fanga með þeim

hætti sem almennt tíðkast. Í kjölfar þessa álits UA hafa reglur Fangelsismálastofnunar verið birtar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. reglur nr. 694/2016.

Af hálfu stefnda er vísað til þess að fangar á öryggisgangi njóti sömu réttinda og aðrir fangar á öðrum deildum, svo sem réttar til að stunda vinnu og nám, réttar til heimsóknna, símtala, útiveru og tómsundastarfa. Samkvæmt 39. gr. þágildandi laga (nú 52. gr. laga nr. 15/2016), eigi fangi rétt á útiveru og að iðka tómsundastörf, líkamsrækt og íþróttir í frítíma, eftir því sem aðstæður í fangelsi leyfa, í að minnsta kosti eina og hálfu klukkustund á dag, nema það sé ósamrýmanlegt góðri reglu og öryggi í fangelsi. Þetta ákvæði gildir um alla fanga, hvort sem þeir eru á öryggisdeild eða á öðrum deildum fangelsisins. Ef framangreind réttindi fanga á öryggisdeild eru skert, þá er það gert á grundvelli almennra ákvæða um fullnustu refsinga, rétt eins og þegar réttindi annarra fanga á öðrum deildum eru skert af einhverjum ástæðum.

Í ljósi þess að fangar sem vistast á öryggisdeild hafa annaðhvort gerst sekir um alvarleg eða ítrekuð agabrot, eru taldir stefna öryggi fangelsisins í hættu eða eru ekki taldir geta vistast með öðrum föngum vegna hegðunar sinnar, hafi þótt nauðsynlegt að kveða á um að útivist þeirra sem þar vistast, iðkun tómsundastarfa, íþróttá o.þ.h. væri að jafnaði á öðrum tímum en annarra fanga, sbr. 7. gr. reglnanna. Fangelsisýfirvöldum ber stöðugt að endurmeta ástandið, þ.e. hvort óhætt sé að breyta fyrirkomulagi vistunarinnar og eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti, sbr. 3. gr. reglnanna.

Stefndi vekur athygli á því að í máli stefnanda var eftir fremsta megni leitast við að draga úr þeim neikvæðu áhrifum sem vistun á öryggisdeild kynni að hafa. Honum hafi t.a.m. verið heimilað, frá 12. mars 2013, að fara í almenna útivist með öðrum föngum, þó undir eftirliti fangavarða til að byrja með. Þá hafi hann fengið að fara í íþróttahús fangelsisins í hverri viku auk þess sem líkamsræktartæki var keypt og komið upp á öryggisdeildinni. Heimsóknartími stefnanda hafi verið lengdur, sem og símatími hans, og hann fengið reglulegar heimsóknir strax frá fyrsta degi á öryggisdeildinni. Þá hafi honum staðið til boða að vinna, sem hann afþakkaði, en hann hafi stundað nám á meðan á dvöl á deildinni stóð. Þó er vert að taka fram að fljótlega eftir að stefnanda var heimilað að fara í almenna útivist barst fangelsisýfirvöldum til eyrna að hann væri með hótanir í garð tiltekinna fanga, en eins og áður, þá þorði enginn að leggja fram formlega kvörtun vegna þess. Var það því mat fangelsisýfirvalda að full ástæða væri til að fara varlega í þessum efnunum.

Stefndi hafnar því alfarið að stefnandi hafi verið vistaður í langvarandi einangrun á öryggisdeild, sem jafnað verði við gæsluvarðhald samkvæmt 95. gr. laga nr. 88/2008.

Fangar á öryggisdeild séu ekki vistaðir í einangrun, þótt vissulega geti háttað þannig til að fangi sé einn á deildinni. Á öryggisdeildinni séu þrír klefar og því sé unnt að vista fleiri fanga þar á sama tíma. Stefnandi hafi aldrei verið einn þann tíma sem hann var vistaður á öryggisdeildinni.

Stefndi telur ekki nauðsynlegt að bíða eftir því að óloknu máli í refsivörslukerfinu ljúki til að unnt sé að aflétta vistun á öryggisdeild. Það sjáist í máli stefnanda, þar sem hann hafi verið fluttur á almenna deild fangelsisins um leið og hann var talinn hæfur til þess vegna hegðunar, í byrjun desember 2013, en þá hafi sakamálinu á hendur honum enn verið ólokið. Rétt eins og hegðun stefnanda í afplánun var grundvöllur þess að hann var vistaður á öryggisdeild, þá hafi hegðun hans jafnframt verið grundvöllur þess að vistuninni var síðan aflétt. Nánar tiltekið hafi fangelsisýfirvöld á þeim tíma talið að hann væri ekki lengur hættulegur öðrum samföngum og gæti því vistast innan um aðra fanga.

Þrátt fyrir að ólokið mál í refsivörslukerfinu sé ekki skilyrði fyrir vistun á öryggisdeild, þá er hins vegar skilyrði fyrir ýmsum öðrum fullnustuúrræðum að menn eigi ekki ólokin mál hjá lögreglu, ákærvaldi eða dómstólum þar sem þeir eru grunaðir eða ákærðir um refsiverða hegðun. Eigi það bæði við um vistun á Vernd, sem og afplánun með rafrænu eftirliti.

#### Um tímalengd málsmeðferðar og áhrif hennar á vistunarúrræði og umsókn um reynslulausn:

Stefndi mótmælir málsástæðum um að dráttur á rannsókn og málsmeðferð hafi leitt til þess að umsókn stefnanda um reynslulausn og önnur sambærileg úrræði hafi dregist og hafi ekki verið tekin til jákvæðrar úrlausnar fyrr en með bréfi, dags. 26. október 2016. Þá er því mótmælt að ástæða þess hafi verið að hann hafi talist vera með ólokið mál til meðferðar hjá lögreglu, ákærvaldi og dómstólum, sem og sjónarmiðum um að stefnandi hafi orðið fyrir miska vegna dráttar á því að hann fengi reynslulausn.

Stefndi vísar til þess að stefnanda hafi verið veitt reynslulausn á þeim tíma sem hann átti rétt á. Hvorki sakamálið né vistun hans á öryggisdeild Litla-Hrauns hafi haft áhrif á það úrræði. Stefnanda hafði verið tilkynnt að hann gæti að öllum skilyrðum uppfylltum fengið reynslulausn frá og með 13. desember 2017 og það stóðst. Hafi umrætt mál engin áhrif haft á reynslulausn hans, þar sem því var lokið áður en að henni kom eða gat komið. Þá hafi stefnandi fengið allan þann tíma í rafrænu eftirliti

sem hann átti rétt á samkvæmt lögum um fullnustu refsinga og málið hafi því engin áhrif haft á rétt hans til þess úrræðis.

Þegar stefnandi var sýknaður í héraði þann 23. mars 2016 hafi Fangelsismálastofnun ákveðið að flytja hann í opið fangelsi á Kvíabryggju og fór hann þangað 15. apríl 2016, eða um leið og pláss losnaði þar. Hafi það verið gert þrátt fyrir að málinu væri áfrýjað til Hæstaréttar og stefnandi ætti þar með einu stóru máli ólokið í refsivörslukerfinu. Engin tímamörk eru á því hvenær fangi geti eða eigi rétt á að fara í opið fangelsi, heldur er það alltaf háð mati Fangelsismálastofnunar hverju sinni og þeim sjónarmiðum sem lög um fullnustu refsinga kveða á um, sbr. 21. gr. laga nr. 15/2016 (áður 14. gr. laga nr. 49/2005). Eitt af því sem horft er til við ákvörðun um vistunarstað fanga, þ.e., hvort flytja eigi þá í opið fangelsi, er hegðun þeirra í afplánun og hvort þeir eigi ólokin mál í refsivörslukerfinu. Margir fangar fá synjun á beiðni um flutning í opið fangelsi vegna þessa.

Stefndi bendir á að stefnandi hafi á þessum tíma verið grunaður um að hafa orðið samfanga sínum að bana og hafði fram að því verið með ógnandi hegðun í afplánun á Litla-Hrauni. Því var að mati stefnda full ástæða til að fara varlega í að vista hann í opnu fangelsi við þær aðstæður sem þar eru, þar sem eftirlit með föngum er mun minna en í lokuðu fangelsi. Þar sem hegðun stefnanda hafði batnað eftir að hann var fluttur af öryggisdeild á almenna deild á Litla-Hrauni var ákveðið að verða við beiðni hans um flutning í opið fangelsi á þeim tíma. Þá var honum heimilað að fara í reglubundin dagsleyfi frá mars 2015. Stefnandi hafði uppfyllt tímaskilyrði dagsleyfis í lok janúar 2015, en sótti ekki um slíkt fyrr en í byrjun febrúar. Málið var tekið fyrir hjá Fangelsismálastofnun, en slík mál taka alltaf nokkurn tíma í afgreiðslu. Sérstaklega á það við þegar talin er þörf á því að láta gera áhættumat áður en ákvörðun er tekin, eins og gert var í tilviki stefnanda, en samkvæmt 60. gr. laga nr. 15/2016 (áður 45. gr. laga nr. 49/2005) skal sýna sérstaka gát við mat á því hvort fanga skuli veitt dagsleyfi ef hann hefur verið dæmdur fyrir ofbeldisbrot og/eða ef hann er grunaður eða ákærður fyrir slíkt brot. Niðurstaðan úr áhættumatinu var sú, að þrátt fyrir að stefnandi afplánaði refsingu fyrir stórfellda líkamsárás og væri grunaður um aðra slíka árás í afplánun þar sem mannsbani hlaust af, þá var honum engu að síður veitt heimild til reglubundins dagsleyfis og fór hann í fyrsta leyfið þann 14. mars 2015 og síðan u.þ.b. mánaðarlega eftir það.

Stefnandi gat hins vegar ekki farið á Áfangaheimili Verndar á réttum tíma. Eitt af skilyrðum fyrir vistun á Vernd sé að eiga ekki mál sem er ólokið hjá lögreglu eða

dómstólum. Því sé algengt að fönfum sé synjað um vistun á Vernd að svo stöddu vegna ólokinnna mála, eins og áður er rakið. Stefnanda var af þessum sökum synjað um vistun á Vernd að svo stöddu, með bréfi dags. 4. apríl 2016. Með bréfi, dags. 26. október 2016, var stefnanda hins vegar tilkynnt að þrátt fyrir að hann ætti enn máli ólokið hjá dómstólum hefði Fangelsismálastofnun ákveðið að heimila honum að vistast á Vernd og afplána refsingu sína þar. Í bréfinu sagði að þegar honum var synjað um vistun á Vernd, þá hefði staðið til að sakamál hans yrði tekið fyrir í Hæstarétti haustið 2016. Þar sem þarna lá fyrir að málið yrði ekki sett á dagskrá réttarins á því ári, þá hefði verið ákveðið að falla frá fyrri ákvörðun og heimila stefnanda vistun á Vernd. Fór stefnandi því á Vernd þann 31. október 2016 í stað júní 2016, en þá hafði hann uppfyllt tímaskilyrði þess. Þar sem stefnandi komst í afplánun undir rafrænu eftirliti á tilsettum tíma var honum ekki gert að afplána allan þann tíma á Vernd sem hann hefði annars þurft að gera, áður en hann gæti átt þess kost að afplána undir rafrænu eftirliti.

Samkvæmt framansögðu sé það beinlínis rangt að dráttur á málsmeðferð hafi leitt til þess að dregist hefði að stefnandi fengi reynslulausn. Vistun stefnanda á Vernd dróst um fjóra mánuði, en vistun undir rafrænu eftirliti og reynslulausn fóru fram á þeim tíma sem stefnandi átti rétt á samkvæmt lögum um fullnustu refsinga.

Að því er varðar fullyrðingar í stefnu um drátt á rannsókn málsins, þá getur stefndi ekki fallist á það. Rannsókn málsins hófst 17. maí 2012 og lauk 17. apríl 2013, þegar rannsóknargögn voru send ríkissaksóknara til ákærumeðferðar. Verður að mati stefnda að telja að framgangur rannsóknarinnar og málshraði á því stigi hafi verið eðlilegur og í samræmi við umfang málsins og alvarleika. Málsmeðferð á ákærustigi verði líka að teljast hafa verið innan eðlilegra marka, þar sem ákæra hafi verið gefin út 30. maí 2013, eða um einum og hálfum mánuði eftir að málið barst ríkissaksóknara. Hins vegar hafi málsmeðferð fyrir dómi dregist verulega, og þá einkum fyrir héraðsdómi. Þar bendir stefndi á að verjendur stefnanda og meðákærða fóru fram á dómkvaðningu yfirmatsmanna, sem alltaf er til þess fallið að draga mál á langinn. Stefndi telur því að dráttur á málsmeðferðinni verði ekki eingöngu talinn á ábyrgð dómsins og að mati stefnda hafi málsmeðferðin fyrir Hæstarétti verið innan eðlilegra marka, eða tæpt ár.

Stefndi hafnar því alfarið að stefnandi hafi nær allan þann tíma sem meðferð málsins tók þar til endanlegur dómur Hæstaréttar lá fyrir, eða í tæp fimm ár, þurft að sæta þvingunarúrræðum vegna rannsóknarinnar eða meðferðar málsins. Frá 13. júlí 2013 hafi stefnandi ekki verið beittur neinum þvingunarúrræðum, en þá rann

úrskurður héraðsdóms um símhlustun í klefa stefnanda og í almenningi á öryggisdeildinni út. Er því alfarið hafnað að hægt sé að jafna vistun á öryggisdeild við gæsluvarðhald í einangrun eða að unnt sé að beita ákvæðum sakamálalaga um þetta með lögjöfnun.

Ákæru- og dómsmeðferð „að ósekju“:

Að því er varðar þær málsástæður stefnanda að hann hafi þurft „að ósekju“ að sæta ákæru vegna málsins, auk dómsmeðferðar á báðum dómstigum, telur stefndi alveg ljóst af rannsóknargögnum sakamálsins að fyrir hendi hafi verið rökstuddur grunur um að stefnandi hefði framið refsiverðan verknað. Bæði héraðsdómur, sem og Hæstiréttur, töldu enn fremur að skilyrði gæsluvarðhalds á grundvelli rannsóknarhagsmuna hefðu verið fyrir hendi.

Stefndi vísar til þess að samkvæmt 145. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála skal ákærandi höfða mál á hendur sakborningi ef hann telur það sem fram er komið við rannsókn málsins vera nægilegt eða líklegt til sakfellis, en að öðrum kosti skal fella mál niður. Stefndi telur að með hliðsjón af öllum rannsóknargögnum málsins hafi það mat ákæruvaldsins að höfða mál á hendur stefnanda verið rétt. Hafi þar ekki þýðingu að niðurstaða dómsmeðferðar á báðum dómstigum hafi verið sú að sýkna stefnanda af ákæru í málinu, en þar komi til strangar sönnunarkröfur sakamálalaga, sbr. 108. og 109. gr. sml. Allan skynsamlegan vafa beri að skýra ákærða í hag og á þeim grundvelli hafi stefnandi verið sýknaður. Reyndar sé vert að geta þess að tveir dómarmar af fimm í Hæstarétti skiluðu sératkvæði og töldu rétt að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu aftur í hérað. Niðurstaðan í Hæstarétti hafi því ekki verið eins afdráttarlaus og ef allir dómarmarnir hefðu staðið að sýknudóminum. Engu að síður er niðurstaðan sú að meirihluti dómendanna í Hæstarétti sýknaði stefnanda af ákærinni.

Stefndi telur að þegar svo hátti til gildi hin hlutlæga bótaregla 246. gr. laga nr. 88/2008 um greiðslu bóta vegna aðgerða skv. IX.–XIV. kafla laganna. Samkvæmt ákvæðinu ber að greiða bætur vegna slíkra aðgerða, nema bótakrefjandi hafi valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á. Eingöngu er í ákvæðinu kveðið á um hlutlæga bótaskyldu vegna rannsóknaraðgerða eða svokallaðra þvingunaraðgerða í þágu rannsóknar sakamáls. Þar er hins vegar ekki gert ráð fyrir greiðslu bóta vegna þess að málsmeðferð hafi tekið langan tíma eða vegna útgáfu ákæru. Til þess að unnt væri að fallast á bætur fyrir slíkt þyrfti að hafa falist í meðferð

ákærvaldsins saknæm og ólögmat háttsemi. Stefndi telji fráleitt að því sé til að dreifa og hafni því alfarið að 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 geti hér átt við. Hér hafi verið um það að ræða að ákærvaldið lagði mat á rannsóknargögn málsins og taldi að það sem þar kom fram væri nægilegt eða líklegt til sakfellis. Því voru héraðsdómur og meirihluti Hæstaréttar ósammála og þess vegna hafi stefnandi verið sýknaður. Í því felist hins vegar ekki að ákærvaldið hafi með ólögmatum og saknæmum hætti gefið út ákæru á hendur stefnanda „að ósekju“, eins og haldið er fram af hálfu stefnanda.

Skilyrði miskabóta skv. 26. gr. skaðabótalaga eru ekki fyrir hendi:

Af hálfu stefnanda er byggt á því að vistun hans á öryggisdeild og „langvarandi og niðurlægjandi aðgerðir sem [beinst hafi] að stefnanda vegna málsins [hafi] leitt af sér andlegar þjáningar og miska fyrir stefnanda, auk þess sem hann [hafi] þurft að þola óvægna fjölmiðlaumfjöllun og fordæmingu samfélagsins vegna málsins“. Jafnframt segir í stefnunni að sú umfjöllun hafi fengið „byr undir báða vængi fyrir tilstuðlan forsvarsmanna fangelsismálastofnunar“, auk þess sem vísað er til reglulegra tíðinda frá lögreglu og „óvæginnar yfirlýsinga ákærvalds í greinargerð til Hæstaréttar í umræddu máli“.

Stefndi hafnar öllum þessum málsástæðum og vísar í því sambandi til fyrri umfjöllunar um að stefnandi hafi notið flestra, ef ekki allra þeirra réttinda sem aðrir fangar á Litla-Hrauni nutu og fengið flest þau vistunarúrræði sem hann átti rétt á um leið og hann uppfyllti skilyrði til þess, svo sem um rafrænt eftirlit og reynslulausn. Einu áhrif sakamálsins að þessu leyti hafi verið þau að stefnandi komst ekki á áfangaheimili Verndar um leið og hann hefði annars átt rétt á, í júní 2016, heldur frestaðist það til loka október það ár, eða um fjóra mánuði. Hafi það m.a. helgast af því að samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglna um afplánun á áfangaheimili Verndar, þá sé vistun á áfangaheimilinu einnig háð því skilyrði að húsnefnd Verndar samþykki umsóknina. Er slík vistun almennt ekki samþykkt ef viðkomandi fangi á ólokið mál í refsivörslukerfinu, eins og rakið hefur verið hér að framan.

Stefndi bendir á að stefnandi hafi ekki lagt fram nein gögn sem sýni fram á miska hans eða andlegar þjáningar. Um það beri stefnandi sönnunarbyrði og hann verði að bera hallann af því að hafa ekki axlað þá sönnunarbyrði. Rétt er að benda á að niðurstöður áhættumats sem lagt var fyrir stefnanda í nóvember 2017, í tengslum við losun hans úr afplánun, sýndu að stefnandi bar engin einkenni þunglyndis á þeim tíma

og hann afþakkaði sálfræðiviðtöl meðan á reynslutíma stæði, en stefnanda var veitt reynslulausn frá og með 13. desember 2017.

Að mati stefnda verður ekki annað séð en að stefnandi hafi náð að nýta sér þá möguleika sem Fangelsismálastofnun hefur að bjóða til að stuðla að jákvæðri aðlögun út í samfélagið á ný. Vissulega verður ekki fram hjá því litið að afplánun getur haft neikvæð áhrif á fanga og að stór hluti fanga glímir á einhverjum tímamarki við þunglyndi. Hins vegar áréttar stefndi að engin gögn hafa verið lögð fram af hálfu stefnanda um andlega heilsu hans, eða að hún hafi verið verri eftir þessa afplánun en fyrri afplánanir hans, eða verri en almennt gerist hjá föngum í afplánun. Er því alfarið hafnað að með tilhögun vistunar stefnanda hafi verið brotið gegn friðhelgi einkalífs hans þannig að fari gegn 71. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Vistunin hafi í alla staði verið grundvölluð á lögum um fullnustu refsinga og í samræmi við niðurstöðu dómstóla, sem dæmt höfðu stefnanda til fangelsisrefsingar. Jafnframt er því hafnað að brotið hafi verið gegn félagafrelsi stefnanda í andstöðu við 74. gr. stjórnarskrárinnar.

Að því er varðar fjölmiðlaumfjöllun þá er því hafnað að sú umfjöllun geti verið á ábyrgð stefnda. Stefnandi er þekktur maður í þjóðfélaginu og var fljótlega nafngreindur í tengslum við sakamálið. Er því alfarið hafnað að slík nafngreining hafi komið frá stefnda. Bent skal á að lögmenn stefnanda og hins sakborningsins sendu yfirlýsingu til fjölmiðla vegna málsins, þannig að öllum var kunnugt um stöðu þeirra. Jafnframt skal áréttað að forstjóri Fangelsismálastofnunar taldi nauðsynlegt að tjá sig um málið, m.a. vegna mikils ótta sem hafði skapast meðal fanga og aðstandenda þeirra út af ástandinu í fangelsinu. Bent er á að innanríkisráðuneytið hafi staðfest að sú umfjöllun hafi verið almenn, þar sem hann hafi upplýst um þær aðgerðir sem gripið væri til þegar svo alvarleg mál kæmu upp, í því skyni að tryggja öryggi fanga.

Með hliðsjón af öllu framansögðu krefst stefndi sýknu af bótakröfu stefnanda vegna vistunar á öryggisgangi í 541 dag, sem og vegna dráttar á rannsókn málsins, útgáfu ákæru og málsmeðferðar fyrir dómi. Gætt hafi verið meðalhófs við beitingu þessa vistunarúrræðis, sem er stjórnsýsluákvörðun fangelsisýfirvalda. Verður að mati stefnda að játa forstöðumanni fangelsis nokkurt svigrúm við að ákveða á hvaða deild fangi er vistaður, en gæta verði meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Vistunin hafi byggst á gildri lagaheimild, sem var 3. mgr. 14. gr. þágildandi laga nr. 49/2005. Setning reglna um vistun á öryggisdeild hafði stoð í 3. mgr. 80. gr. laganna

og að mati stefnda er setning slíkra reglna til þess fallin að stuðla að jafnræði og gæta að samræmi í framkvæmd.

Stefndi fellst hins vegar á bótaskyldu á grundvelli 246. gr. sml. vegna rannsóknaraðgerðanna í þágu sakamálsins, sem kveðið var á um í tveimur úrskurðum Héraðsdóms Suðurlands. Stefndi hafi þegar boðið fram 800.000 kr. í bætur fyrir þær aðgerðir að teknu tilliti til dómafordæma, en að mati stefnda eru ekki efni til að greiða hærri bætur en þar voru boðnar. Enn fremur er vísað til fyrirliggjandi samkomulags um greiðslu bóta samkvæmt 246. gr. vegna gæsluvarðhaldsvistar stefnanda í 21 dag.

#### **IV. Niðurstaða dómsins**

##### **1. Krafa stefnanda um bætur samkvæmt 246. gr. laga nr. 88/2008**

Málatilbúnaður stefnanda í þessu máli byggist í öllum meginatriðum á því að hann eigi rétt til greiðslu miskabóta úr hendi stefnda vegna þess að hann var vistaður í samtals 541 dag á öryggisgangi Fangelsisins Litla-Hrauni. Þá byggir stefnandi einnig kröfu sína um miskabætur á því að hann hafi að ósekju þurft að sæta sakamálarannsókn vegna hugsanlegrar aðildar að alvarlegri líkamsárás sem dró samfanga hans til dauða.

Stefnandi hefur um þessa bótakröfu einkum vísað til ákvæðis 246. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, en einnig þó til sakarreglu skaðabótaréttarins og ákvæðis 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sem fjallar um rétt til miskabóta vegna ólögmeðrar meingerðar gegn frelsi, friði og æru manns.

Eins og rakið er í kafla II hefur stefnandi þegar fengið greiddar bætur vegna gæsluvarðhaldsvistar, símhlustunar og hlerunar á öryggisgangi vegna rannsóknar sakamáls á hendur honum á grundvelli ákvæðis 246. gr. laga nr. 88/2008. Samkvæmt 1. mgr. 246. gr. laganna á maður, sem borinn hefur verið sökum í sakamáli, rétt til bóta úr hendi íslenska ríkisins ef mál hans er fellt niður eða hann verið sýknaður með endanlegum dómi án þess að það hafi verið gert vegna þess að hann var talinn ósakhæfur. Í 2. mgr. sömu lagagreinar er tekið fram að dæma skuli bætur vegna aðgerða eftir IX. til XIV. kafla laganna ef skilyrði fyrstu málsgreinarinnar eru fyrir hendi. Þar er þó einnig tekið fram að fella megj niður bætur eða lækka þær ef sakborningur hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem krafa hans er reist á.

Að mati dómsins getur framangreint ákvæði 246. gr. ekki átt við um kröfu stefnanda í þessu máli. Þannig verður ekki annað séð en að þær ákvarðanir fangelsisýfirvalda sem fyrir liggja í málinu um vistun stefnanda á öryggisgangi hafi

alfarið verið byggðar á þágildandi ákvæði 3. mgr. 14. gr. laga nr. 49/2005, um fullnustu refsinga, en ekki ákvæðum laga nr. 88/2008.

Þótt sú ætlaða háttsemi stefnanda sem varð tilefni vistunarinnar hafi getað varðað stefnanda refsingu telur dómurinn ljóst að ákvarðanir um að vista hann á öryggisgangi á tímabilinu 13. júní 2012 til 5. desember 2013 hafi verið teknar á grundvelli sjónarmiða um öryggi og allsherjarreglu í fangelsinu samkvæmt þágildandi lögum nr. 49/2005. Ákvarðanirnar voru hvorki teknar í tengslum við rannsókn né meðferð sakamáls. Verður því að hafna málsástæðum stefnanda um að hann eigi rétt til bóta vegna vistunar á öryggisgangi, sem og fyrir að hafa sætt rannsókn eða ákæru í sakamáli með vísan til ákvæðis 246. gr. laga nr. 88/2008, hvort sem er með beinum hætti eða með lögjöfnun, sjá hér til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 1. febrúar 2001 í máli nr. 271/2000.

## **2. Bótakrafa stefnanda á grundvelli sakarreglunnar**

Maður sem sakaður hefur verið um refsiverða háttsemi á ekki aðeins rétt á bótum úr hendi stefnda á grundvelli hinnar hlutlægu bótareglu 2. mgr., sbr. 1. mgr., 246. gr. laga nr. 88/2008, heldur kann hann einnig að eiga sjálfstæðan rétt til bóta samkvæmt sakarreglunni og reglunni um vinnuveitandaábyrgð. Skilyrði þess að bótaábyrgð verði komið fram með þeim hætti er þó að lögreglumenn, handhafar ákæruvalds eða aðrir ríkisstarfsmenn hafi með ólögmætum og saknæmum hætti valdið honum tjóni sem ekki fellur undir gildissvið fyrstnefndu reglunnar, sjá hér til hliðsjónar meðal annars dóma Landsréttar frá 11. október 2019 í málum nr. 804/2018 og 808/2018.

Eins og mál þetta liggur fyrir dóminum kemur einungis til greina að dæma stefnanda miskabætur á þessum grunni að hann hafi orðið fyrir ólögmætri meingerð, sem beinst hefur gegn frelsi, friði, æru eða persónu hans, sbr. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, en stefnandi hefur vísað til síðastnefnda ákvæðisins í málatilbúnaði sínum fyrir dómi.

Við úrlausn þess hvort stefnandi eigi rétt til bóta vegna vistunar á öryggisgangi, rannsóknar og ákæru í máli reynir á hvort uppfyllt sé það skilyrði b-liðar 1. mgr. 26. gr. að stefnandi hafi orðið fyrir ólögmætri meingerð vegna umræddra athafna. Í því sambandi hefur verið lagt til grundvallar að í skilyrði ákvæðisins um ólögmæta meingerð felist áskilnaður um að tjóni sé valdið með saknæmri háttsemi og þá annaðhvort með ásetningi eða verulegu gáleysi tjónvalds, sbr. dóm Hæstaréttar frá

1. júní 2017 í máli nr. 768/2016. Samkvæmt því eru strangari kröfur gerðar til tjónþola sem reisir bótakröfu á 26. gr. skaðabótalaga en þeim sem gerir kröfu um bætur fyrir fjárhagslegt tjón. Forsenda þess að stefndi beri bótaskyldu samkvæmt þessu ákvæði er enn fremur að fyrir liggi ólögættar ákvarðanir eða háttsemi af hálfu stofnana stefnda eða, eftir atvikum, starfsmanna þeirra.

Þegar leyst er úr ágreiningi aðila um hvort stefndi hafi valdið stefnanda ólögætti meingerð í framangreindum skilningi verður einungis byggt á þeim málsástæðum sem stefnandi hefur vísað til að þessu leyti, sbr. 2. mgr. 111. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Stefnandi hefur í málatilbúnaði sínum vísað til þess að háttsemi stefnda hafi farið í bága við ákvæði 67. gr., 70., 71. sem og 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Þá verður að skilja málatilbúnað stefnanda á þann veg að hann telji ákvörðun Fangelsismálastofnunar um að vista hann á öryggisgangi samkvæmt þágildandi ákvæði 3. mgr. 14. gr. laga nr. 49/2005 ekki hafa verið í samræmi við málefnaleg sjónarmið og meðalhófsreglu 12. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Að því er snertir málsástæður stefnanda sem byggðar eru á 67. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem kveðið er á um að engan megi svipta frelsi með heimild í lögum, þá fær dómurinn ekki séð að ákvörðun fangelsisyfirvalda um fyrirkomulag afplánunar sem fram fer á grundvelli endanlegs dóms, eins og að vista afplánunarfanga á öryggisgangi samkvæmt þeirri heimild sem kveðið var á um í þágildandi ákvæði 3. mgr. 14. gr. laga nr. 49/2005, verði almennt felld undir sviptingu frelsis í skilningi 67. gr. stjórnarskrárinnar og þá jafnframt 5. gr. mannréttinasáttmála Evrópu sem hefur lagagildi hér á landi, sbr. lög nr. 62/1994, um lögfestingu mannréttinasáttmála Evrópu, (sjá hér m.a. til hliðsjónar ákvörðun Mannréttindadómstóls Evrópu frá 4. maí 2000 í máli nr. 42117/98 *Bollan gegn Bretlandi*, ECHR 2000-V).

Að mati dómsins er heldur ekki unnt að líta svo á að ákvörðun um vistun á öryggisgangi sem byggist á sömu heimild 3. mgr. 14. gr. laga nr. 49/2005 hafi sem slík falið í sér ályktun um refsiverða háttsemi stefnanda í skilningi 70. gr. stjórnarskrárinnar og þá eftir atvikum einnig 1. mgr. 6. gr. mannréttinasáttmála Evrópu (sbr. til hliðsjónar dóm yfirdeildar Mannréttindadómstólsins frá 17. september 2009 í máli nr. 74912/01 *Ena gegn Ítalíu*, 98. mgr.)

Dómurinn fær heldur ekki séð að ákvörðun um vistun á öryggisgangi feli í sér íhlutun í félagi- og fundafrelsi fanga. Verður í því sambandi að benda á að ákvæði 74.

gr. stjórnarskrárinnar mælir fyrir um réttindi manna til að stofna eða eiga aðild að félagi eða samtökum sem stefna að ákveðnu markmiði og koma saman í því skyni. Réttur fanga til að eiga samneyti við aðra verður hins vegar ekki reistur á 74. gr. eins og hún verður skýrð með hliðsjón af 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 (sjá til hliðsjónar ákvörðun Mannréttindanefndar Evrópu frá 15. maí 1980 í máli nr. 8317/78, *McFeeley gegn Bretlandi*, sem birtur er í Decisions and Reports 20, bls. 98, og ákvörðun Mannréttindadómstólsins í máli *Bollan* sem vitnað er til hér að framan). Er þessari málsástæðu stefnanda því hafnað.

Eftir stendur þá að taka afstöðu til þess hvort sú ákvörðun forstöðumanns Fangelsisins Litla Hrauni að vista stefnanda á öryggisgangi hafi farið í bága við 71. gr. stjórnarskrárinnar og þannig brotið gegn rétti stefnanda til að njóta friðhelgi um einkalíf sitt, sbr. einnig 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Eins og rakið er í tilvitnuðum úrlausnum Mannréttindadómstólsins í málum *Ena* og *Bollan* getur reynt á það þegar stjórnvöld taka ákvarðanir um fyrirkomulag afplánunar hvort brotið sé gegn 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um friðhelgi einkalífs, sbr. einnig 71. gr. stjórnarskrárinnar. Telja verður ljóst að með ákvörðun forstöðumanns Fangelsisins Litla-Hrauni að vista stefnanda á öryggisdeild var samneyti hans við aðra fanga takmarkað en í því fólst jafnframt íhlutun í réttindi hans samkvæmt ákvæði 71. gr. Slík íhlutun er hins vegar heimil að því gefnu að hún byggist á lagaheimild, stefni að lögumtöku markmiði og gangi ekki lengra en nauðsynlegt er.

Þegar leyst er úr ágreiningi aðila um þetta atriði verður að horfa til þess að ákvörðun forstöðumanns Fangelsisins Litla-Hrauni um að flytja stefnanda á öryggisdeild fangelsisins byggðist á þágildandi ákvæði 3. mgr. 14. gr. laga nr. 49/2005. Samkvæmt því ákvæði gat forstöðumaður fangelsis í öryggisskyni eða vegna sérstakra aðstæðna ákveðið að flytja fanga á milli deilda og klefa. Ekki var skylt að gefa fanga kost á að tjá sig áður en slík ákvörðun væri tekin en gæta skyldi hagsmuna fangans í því sambandi.

Í athugasemdum um ákvæðið í frumvarpi því er varð að lögunum var gert ráð fyrir að flutningur gæti átt sér stað vegna öryggissjónarmiða og af skipulagsástæðum og tekið fram að fangar gætu ekki krafist þess að vera vistaðir í einu fangelsi umfram annað þótt þeim væri heimilt að bera fram óskir í því sambandi. Var vísað til þess í athugasemdum við ákvæðið að óhjákvæmilegt væri að hagsmunamat færi fram við ákvörðun sem þessa.

Af framangreindu verður ekki um villst að ákvörðun um að vista stefnanda á öryggisdeild var tekin á lögmætum grundvelli og í þágu þess lögmæta markmiðs að vernda aðra fanga gegn hugsanlegri hættu sem kynni að stafa af stefnanda. Við mat á því hvort ákvörðunin hafi verið nauðsynleg og hvort hugsanlega hafi verið unnt að beita minna íþyngjandi úrræðum, sbr. 12. gr. stjórnarsýslulaga, verður ekki hjá því litið að stefnandi og annar fangi lágu á þessum tíma undir rökstuddum grun um að hafa orðið samfanga sínum, [X], að bana, en stefnandi hafði við annan mann farið inn í klefa [X] skömmu áður en hann lést. Dómurinn hafnar því alfarið þeim málatilbúnaði stefnanda að rökstuddur grunur um aðild hans að málinu hafi ekki verið fyrir hendi.

Þá verður að telja að forstöðumanni fangelsisins hafi verið heimilt að taka sjálfstæða ákvörðun um vistun stefnanda á öryggisgangi í kjölfar andláts [X] samhliða því að lögregla rannsakaði málið. Verður þá jafnframt að horfa til þess að samkvæmt gögnum málsins þá höfðu fangar borið að stefnandi og annar fangi hefðu hótad þeim ofbeldi, sbr. skýrslu varðstjóra, dags. 12. apríl 2012, áður en andlát [X] bar að, auk þess sem starfsmenn Fangelsismálastofnunar höfðu átt í tölvupóstsamskiptum sín á milli 18. apríl 2012 um aukið ofbeldi í fangelsinu eftir að stefnandi og annar fangi komu úr einangrun.

Að virtum þessum atvikum málsins og í ljósi þess að það er ein af grundvallarskyldum fangelsisyfirvalda að tryggja öryggi fanga, sem felst m.a. í því að vernda þá fyrir ofbeldi af hálfu samfanga og tryggja að þeir sæti ekki vanvirðandi meðferð samfanga, sbr. 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 2. og 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, verður ekki talið að forstöðumaður Fangelsisins Litla-Hrauni hafi gengið lengra en nauðsynlegt er með ákvörðunum sínum um að vista stefnanda á öryggisdeild fangelsisins.

Við mat á því hversu íþyngjandi vistun stefnanda hefur verið er enn fremur horft til þess að ágreiningslaust er í málinu að stefnandi var ekki vistaður einn á öryggisdeild heldur ávallt ásamt öðrum. Þá er ágreiningslaust í málinu að stefnandi fékk heimsóknir frá aðstandendum sínum strax daginn eftir að hann var vistaður á öryggisdeild og síðan reglulega eftir það, sbr. tölvupóst frá starfsmanni Fangelsismálastofnunar til lögmanns stefnda, dags. 1. mars 2019.

Að því er varðar kröfu stefnanda um bætur vegna miska á þeim forsendum að rannsókn lögreglu, ákæra og síðari málsmeðferð handhafa ákærvalds hafi verið saknæm og ólögmæt, einkum með vísan til þess langa tíma sem rannsókn málsins og meðferð þess fyrir dómstólum tók, þá getur dómurinn ekki tekið undir sjónarmið

stefnanda að þessu leyti. Við mat á því hvort meðferð máls hafi dregist svo mikið að bótaskyldu varði verður að líta til þess að markmið rannsóknar er að upplýsa mál svo að unnt sé að taka ákvörðun um saksókn á eins traustum grundvelli og kostur er, sjá hér til hliðsjónar dóma Landsréttar frá 11. október sl. í málum nr. 804/2018 og 808/2019. Dómurinn fær ekki séð að neitt sé komið fram í málinu sem gefi til kynna að framgangur málsins hafi verið með óeðlilegum hætti, enda gerðu hvorki héraðsdómur né Hæstiréttur athugasemdir við þann tíma sem rannsókn og meðferð málsins tók í dómum sínum málinu.

Þá er það mat dómsins að sá tími sem leið frá því að ákæra í máli stefnanda var gefin út 30. maí 2013 og þar til að Hæstiréttur kvað upp dóm sinn í málinu 9. mars 2017 hafi ekki verið óforsvaranlegur miðað við umfang og atvik sakamálsins og að ekkert í málinu bendi til þess að stefndi beri ábyrgð á því að meðferð málsins dróst á langinn. Í því sambandi verður að leggja áherslu á að af dómum Héraðsdóms Suðurlands og Hæstaréttar í sakamálinu verður ekki annað séð en að þær tafir sem urðu á meðferð þess hafi að verulegu leyti mátt rekja til þess hversu mjög það dróst að afla yfirmatsgerðar fyrir Héraðsdómi, en á því ber ákærvaldið ekki ábyrgð. Þykir stefnandi því ekki hafa sýnt fram á að óeðlilegur dráttur hafi verið á málinu sem stefndi beri ábyrgð á, þannig að hann hafi verið í andstöðu við 70. gr. stjórnarskrárinnar og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Að öllu því virtu sem nú hefur verið rakið hefur stefnandi ekki sýnt fram á það að rannsóknaraðilar eða ákærvaldið hafi við rannsókn og saksókn máls vegna sakargifta á hendur stefnanda sýnt af sér saknæma og ólögmeta háttsemi eða ólögmeta meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu stefnanda.

### **3. Krafa stefnanda um miskabætur vegna fjölmiðlaumfjöllunar**

Stefnandi byggir að lokum miskabótakröfu sína á því að hann hafi þurft að þola óvægna fjölmiðlaumfjöllun og fordæmingu samfélagsins vegna málsins, sem hafi meðal annars fengið byr undir báða vængi „fyrir tilstuðlan forsvarsmanna Fangelsismálastofnunar“ og með reglulegum tíðindum frá lögreglu, auk óvæginnar yfirlýsinga ákærvaldsins í greinargerð til Hæstaréttar í umræddu máli, þar sem m.a. var vísað til stefnanda sem þekkt misindismann.

Hvað varðar málsástæður stefnanda um að hann hafi orðið fyrir miska vegna óvæginnar umfjöllunar ákærvaldsins í greinargerð til Hæstaréttar, sem dagsett er 7. desember 2016, þá verður ekki annað séð en að stefnandi sé þar að vísa til þeirra

ummæla í greinargerðinni að hann og meðákærði hans í málinu séu „dæmdir ofbeldismenn“ og það að búa til skuld á mann, í þessu tilviki [X], sem hafði fyrir skömmu fengið bætur úr vistheimilissjóði, „án þess að nokkur fótur væri fyrir en innheimta hana svo með ofbeldi [væri] þekkt leið misindismanna til að afla fjár.“ Samhliða þessari umfjöllun er í greinargerðinni vísað til dóms Hæstaréttar í máli stefnanda frá 12. október 2011 þar sem hann var sakfelldur fyrir sams konar háttsemi.

Dómurinn fær ekki séð að framangreind ummæli í greinargerð ríkissaksóknara hafi getað falið í sér ólögmæta meingerð gagnvart æru og persónu stefnanda í skilningi b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga enda er um að ræða málflutningsskjal ákærvaldsins fyrir dómi sem ætlað er að renna stoðum undir kröfur ákærvaldsins um sakfellingu, m.a. með vísan til atvika málsins og sakarferils stefnanda.

Að því er snertir málsástæður stefnanda um að ýtt hafi verið undir fjölmiðlaumfjöllun með „reglulegum tíðindum frá lögreglu“, þá liggur ekkert fyrir í gögnum málsins um að fjölmiðlum hafi borist upplýsingar frá lögreglu. Stefnandi hefur heldur ekki vísað til neina atvika til að renna stoðum undir þessa málsástæðu og verður hún því að teljast vanreifuð. Kemur hún af þeim sökum ekki til frekari umfjöllunar.

Eftir stendur þá einungis að fjalla um þá málsástæðu stefnanda að hin óvægna fjölmiðlaumfjöllun sem hann mátti sæta hafi átt sér stað fyrir „tilstuðlan forsvarsmanna fangelsismálastofnunar“.

Málatilbúnaður stefnanda að þessu leyti er ekki skýr, sbr. e-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Af stefnu má ráða að stefnandi telji hafa verið brotið á sér með fréttum sem birtust í Fréttablaðinu, dags. 25. maí 2012, og á ruv.is sama dag, enda vísar stefnandi óbeint til þeirrar umfjöllunar í tengslum við fyrrgreindar málsástæður sínar. Í stefnu skortir hins vegar alfarið að fjallað sé um það hvaða ummæli í framangreindri umfjöllun hafi falið í sér ólögmæta meingerð gegn stefnanda í skilningi b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga og hvort og þá að hvaða leyti stefnandi telji þau hafa farið í bága við skráðar eða óskráðar réttarreglur. Verður því að telja að þessi hluti málatilbúnaðar stefnanda sé svo óglöggur og ónákvæmur að ekki sé unnt að leggja efnisdóm á hann, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 3. nóvember 2011 í máli 693/2010, enda er í stefnu látið við það sitja að fjalla aðeins almennt um það að umfjöllun í fjölmiðlum hafi verið óvægin í garð stefnanda en ekki með hvaða hætti stefndi hafi brotið gegn honum. Er því óhjákvæmilegt að hafna málsástæðum stefnanda að þessu leyti.

Með tilliti til atvika málsins þykir rétt að málskostnaður falli niður. Stefnandi nýtur gjafsóknar í málinu og verður allur kostnaður af rekstri þess lagður á ríkissjóð, þar með talin þóknun lögmans stefnanda, Þórhalls Hauks Þorvaldssonar, sem þykir að teknu tilliti til umfangs málsins hæfilega ákveðin 900.000 krónur. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Kjartan Bjarni Björgvinsson héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

### **D Ó M S O R Ð:**

Stefndi, íslenska ríkið, er sýknað af kröfu stefnanda, [A].

Málskostnaður fellur niður. Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmans hans, Þórhalls Hauks Þorvaldssonar, 900.000 krónur.

Kjartan Bjarni Björgvinsson (sign.)